

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2002

frá 19. apríl 2001

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2001 frá 11. desember 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/704/EB frá 26. september 2001 um niðurfellingu á ákvörðun 97/150/EB um að koma á fót evrópskri ráðgjafarmiðstöð á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Með tilliti til sammingsins ber að fella niður ákvörðun 97/150/EB.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undir-undir lið skal skotið inn í öðrum undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/150/EB) í fyrsta undirlið 1. mgr. 3. gr. í bókun 31 við samninginn:

„- **32001 D 0704:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/704/EB frá 26. september 2001 um niðurfellingu á ákvörðun 97/150/EB um að koma á fót evrópskri ráðgjafarmiðstöð á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar (Stjtið. EB L 258, 27.9.2001, bls. 20).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 258, 27.9.2001, bls. 20.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.